

ÞINGEYJAR SVEIT

HVAÐ ER
AÐ FRÉTTA?



APRÍL 2026

Sauðburður og kosningar munu einkenna næsta mánuð! Mynd: KIP

Við kjósendur erum lykillinn að lýðræðinu

Arnór Benónýsson

fráfarandi sveitarstjórnarfulltrúi



2002 varð ég þess heiðurs aðnjótandi að vera skipaður í menningarmálanefnd nýsameinaðs sveitarfélags Pingeyjarsveitar. Þar starfaði ég með góðu fólki og tókum við hlutverk okkar alvarlega og lögðum mikla vinnu í verkefnið. Síðan þá hef ég með einum eða öðrum hætti komið að stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Þetta telst mér til að sé hátt í aldarfjórðungur. Já, tíminn er fugl sem flýgur. Á þessum tíma hef ég unnið með fjölmörgum einstaklingum. Ungum sem öldnum af öllum kynjum og ýmsum þjóðernum. Það sem allt þetta fólk hefur átt sameiginlegt er að vilja samfélaginu allt það besta og verið reiðubúið að leggja á sig ómælda vinnu til að ná árangri á þeirri leið. Auðvitað hafa sjónarmið verið mismunandi og skoðanir skiptar en viljinn til að ná árangri einn og hinn sami.

En nú er mál að linni og eins og fram hefur komið gef ég ekki kost á mér til sveitarstjórnarsetu í komandi kosningum. Þakklæti er mér efst í huga. Þakklæti til íbúa sveitarfélagsins síbreytilega fyrir að hafa gefið mér kost á að starfa að framgangi samfélagsins allan þennan tíma. Það eru forréttindi sem ber að þakka. Þakklæti til samstarfsfólks í sveitarstjórnnum og nefndum. Síðast og ekki síst þakklæti til starfsfólks sveitarfélagsins í stjórnsýslunni sem og annars staðar.

Þrjár listar bjóða fram í kosningunum 16. maí. Fjörutíu og tveir einstaklingar bjóða fram krafta sína til að efla og þroska samfélag okkar. Það er glæsilegur vitnisburður um þann þrótt sem í samfélagi okkar býr. Í mínum huga er enginn vafi

um að þessir einstaklingar munu nálgast verkefnið af sömu auðmýkt og einlægni og það fólk sem ég hef unnið með í gegnum árin. Það fer enginn í sveitarstjórnarpólitik til að verða ríkur. Hún er í eðli sínu samfélagsþjónusta.

“

Við sköpum það andrúmsloft sem við viljum að einkenni samfélag okkar.

Þá er komið að okkur kjósendum. Við erum lykillinn að lýðræðinu. Okkur ber skylda til að taka virkan þátt í kosningum jafnt undirbúningi sem kjördegi. Skylda til að kynna okkur málefni og einstaklinga. Velta upp spurningum og leita svara. Vera virk í umræðum hversdagsins á vinnustöðum og félagslífi. Vera víðsýn en sýna varkárni í orðræðu, bæði hvað snertir einstaklinga og málefni. Vera ábyrgir samfélagsþegnar. Við leggjum línurnar og sköpum það andrúmsloft sem við viljum að einkenni samfélag okkar.

Okkur ber að nota atkvæðisrétt okkar hvort sem við mætum á kjörstað eða kjósum utan kjörstaðar. Kjósa samkvæmt sannfæringu og okkar bestu samvisku.

Ganga síðan til verka í samhentu, framsæknu sveitarfélagi hverjar sem niðurstöður kosninga kunna að verða.

SVEITARSTJÓRNAR KOSNINGAR 2026



Mikilvægar upplýsingar fyrir kosningar til sveitarstjórnar 2026

KJÖRSTAÐUR:
ÞINGHÚSIÐ Á
BREIÐUMÝRI

Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga sem fram fara laugardaginn 16. maí 2026 liggur frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar í Þingey stjórnsýsluhúsinu Laugum til og með kjördegi.

HVAR Á ÉG
AÐ KJÓSA?

FRÉTT Á
HEIMASÍÐUNNI

DAGSETNING
KOSNINGA:

16. MAÍ

KOSNING UTAN
KJÖRFUNDAR
HÓFST:

17. APRÍL

FRAMBOÐSLISTARNIR (Hlekkir á Facebook síður framboðanna)

Á

Á - Listinn

L

L - Listinn

N

N - Listinn



Á NÆSTU ÞREMUR
SÍÐUM ER KYNNING Á
FRAMBOÐSLISTUNUM



Á - LISTI ÁBYRGÐAR

✉ knutsstadir@gmail.com

☎ 849 8966



HELSTU STEFNUMÁL

- Standa vörð um samheldið, fjölbreytt og framsækið samfélag í öllu sveitarfélaginu.
- Efla ímynd sveitarfélagsins sem eftirsóknarverður búsetukostur og skapa framúrskarandi búsetuskilyrði fyrir öll sem hér vilja búa.
- Að unnið sé eftir nýsamþykktu aðalskipulagi. Vinna að stækkun byggðakjarna og styrkingu dreifbýlis.
- Ábyrgan sjálfbæran rekstur sem mun auka tækifæri til framtíðar.
- Leggja áherslu viðhald skólalóða, fasteigna, hitaveitu og fráveitukerfa sveitarfélagsins.
- Styðja við atvinnulíf og nýsköpun þar sem áherslan er lögð á að styrkja stoðir atvinnulífsins.
- Að Þingeyjarsveit sé til fyrirmyndar í umhverfismálum, með áherslu á ábyrga nýtingu náttúruauðlinda.
- Sterka, vel rekna skóla ásamt öfluggu félags- og menningarlífi. Við viljum styðja við bætt samstarf á milli grunnskólanna.

FRAMTÍÐARSÝN

Að Þingeyjarsveit sé eftirsóknarverður búsetukostur fyrir unga sem aldna, þar sem velferð og góð líðan íbúa er tryggð og einstök náttúra svæðisins fær að njóta sín. Við viljum leggja áherslu á ábyrgan sjálfbæran rekstur sem mun auka tækifæri til framtíðar.



1. sæti - Knútur Jónasson



2. sæti - Nanna Marteinsdóttir



3. sæti - Anna Bragadóttir



4. sæti - Dóra Rún Kristjánsdóttir



5. sæti - Hörður Sigurðsson



6. sæti - Sigurlína Tryggvadóttir

7. - 14. sæti:

- 7. sæti - Líney Rúnarsdóttir
- 8. sæti - Sigurður Guðni Böðvarsson
- 9. sæti - Sæmundur Þór Sigurðsson
- 10. sæti - Ósk Helgadóttir
- 11. sæti - Arnheiður Almarsdóttir
- 12. sæti - Gísli Sigurðsson
- 13. sæti - Hallgrímur Hallsson
- 14. sæti - Sigrún Jónsdóttir

L - LISTI FRAMFARA

✉ hallgrimur93@me.com

☎ 847 6818



HELSTU STEFNUMÁL

- Okkar helstu stefnumál snúa að því að efla atvinnulíf og nýsköpun, fjölga íbúum og auka framboð húsnæðis.
- Við viljum auka samstarf skólanna og efla íþrótt og tómstundastarf.
- Við ætlum að tryggja ábyrga stjórnsýslu, bæta innviði sveitarfélagsins sem og að berjast fyrir samgöngubótum.
- Við viljum nýta eignir sveitarfélagsins betur til dæmis fyrir störf án staðsetningar.
- Þá viljum við efla velferðarþjónustu í sveitarfélaginu.
- Við viljum klára sameininguna auk þess að gera samfélagið samheldnara.
- Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni okkar www.uppogafram.is

FRAMTÍÐARSÝN


Sveitarfélagið verði öflugra en nú þegar er og þar verði fleiri íbúar, sérstaklega barnafjölskyldur. Atvinnutækifæri verði fleiri og fjölbreyttari, þjónustan við íbúa enn betri. Sveitarfélagið verði í fremstu röð og önnur sveitarfélög horfi til okkar í leit að lausnum. Íþrótt, tómstunda og velferðastarf verði öflugra. Þá verði samfélagið samheldnara og jákvæðara fyrir uppbyggingu.



1. sæti - Hallgrímur
Páll Leifsson



2. sæti - Freydis
Anna Ingvarsdóttir



3. sæti - Snæpór H.
Sveinbjörnsson



4. sæti - Snorri
Már Snorrason



5. sæti - Jón S.
Sigtryggsson



6. sæti - Soffía
Kristín Jónsdóttir

7. - 14. sæti:

- 7. sæti - Ólafur Ragnarsson
- 8. sæti - Anton Freyr Birgisson
- 9. sæti - Gunnar Ingi Jónsson
- 10. sæti - Brynjar Árnason
- 11. sæti - Elísabet Sigurðardóttir
- 12. sæti - Jóhannes Már Sigurðarson
- 13. sæti - Kristján Jónsson
- 14. sæti - Natalía Sól Jóhannsdóttir



N - LISTINN

✉ eythor_kari@hotmail.com

☎ 857 4414



HELSTU STEFNUMÁL

Meginmarkmið N-listans er að bjóða kjósendum uppá skýrt val. Við ætlum að vera hreinskilin í okkar kosningabaráttu og leggja fram skýra aðgerðaáætlun um það hvað við viljum gera á kjörtímabilinu, af hverju, og hvernig við ætlum að framkvæma það.

Okkar lykiláherslur eru:

- Að fjölga íbúum og íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu
- Að endurbyggja sundlaug í Mývatnssveit
- Að efla atvinnulíf, atvinnuuppbyggingu og nýsköpunarverkefni í sveitarfélaginu
- Að vinna á viðhalds- og innviða-skuld sveitarfélagsins

Á viðburðum okkar og Facebook síðunni: N-listinn, Þingeyjarsveit, leggjum við fram skýra aðgerðaráætlun.

Þeir sem kjósa N-listann vita að hverju þeir ganga.

Skýr stefna, vilji til verka og verka sem tala.

FRAMTÍÐARSÝN

Við viljum að Þingeyjarsveit verði öflugt og sjálfbært samfélag þar sem fólk og fjölskyldur velja að búa og starfa. Þar sem aðgengi að atvinnu, húsnæði og góðri þjónustu er tryggt og samfélagið er opið og aðlaðandi. Þar sem lífsgæði eru í forgrunni og tækifæri til vaxtar og uppbyggingar standa öllum til boða.



1. sæti - Eyþór Kári
Ingólfsson



2. sæti - Bylgja
Dögg Sigurbjörnsd



3. sæti - Jónas
Þórólfsson



4. sæti - Hermann
Aðalsteinnsson



5. sæti - Garðar
Finnsson



6. sæti - Nína
Björg Sæmundsd.

7. - 14. sæti:

7. sæti - Ásta Hrönn Hersteinsdóttir

8. sæti - Bjarni Ole Apel Ingason

9. sæti - Friðrika Sigurgeirsdóttir

10. sæti - Ingvar Vagnsson

11. sæti - Hjördís Ólafsdóttir

12. sæti - Haraldur Bóasson

13. sæti - Ásdís Illugadóttir

14. sæti - Halldór Þorlákur Sigurðsson

Utankjörfundar
ATKVÆÐAGREIÐSLA
Í PINGEYJARSVEIT

LAUGUM Í REYKJADAL

Pingey stjórnsýsluhús

6., 7., 11., 13. maí kl. 11:00-14:00

15. maí kl. 10:00-12:00

MÝVATNSSVEIT

Mikley, Hlíðavegi 6

8., og 13. maí kl. 11:00-14:00

STÓRUTJARNASKÓLA

12. maí kl. 11:00-14:00

**NÁNARI
UPPLÝSINGAR**

LITIÐ UM ÖXL
gamla myndin

SPB-1575-001

HVAÐ HEITA
BÖRNIN?

Börn í Reynihlíð í Mývatnssveit 1952. Ljósmyndari Sigurður Pétur Björnsson. Hvað heita börnin?

SENDA ÁBENDINGU

**GAMLI HLUTURINN****Koparlitaður kassi**

Úr búi William Fr. Pálssonar, Halldórsstöðum í Laxárdal. Kassinn er skreyttur á öllum hliðum.

Stærð: 95 x 92 x 89 cm

"Litið um öxl" er fastur liður í fréttabréfinu, þar sem við fáum annars vegar gamla ljósmynd frá Ljósmyndasafni Þingeyinga og hins vegar mynd og upplýsingar um muni í Byggðasafni S-Þingeyinga. Við ljósmyndina vantar skráningu á ýmist fólki, staðsetningu eða tilefni. Glöggir lesendur sem þekkja til eru beðnir um að senda póst á skjalasafn@husmus.is með upplýsingum.



MENNINGARMIÐSTÖÐ
ÞINGEYINGA

HÖRÐUR HELDUR ÁFRAM SEM SLÖKKVILIÐSSTJÓRI

Starf slökkviliðsstjóra Brunavarna Pingeyjarsveitar var auglýst til umsóknar snemma á árinu, og það gleður okkur að tilkynna að Hörður Sigurðsson hefur ákveðið að halda áfram í starfi sínu. Hann verður því áfram slökkviliðsstjóri, en hann tók við því stafi í desember 2024 og hefur sinnt því af miklum sóma.

Hörður hefur viðamikla þekkingu á sviði brunamála, hefur lokið námi eldvarnaeftirlitsmanns og starfað sem slíkur. Hörður hefur lokið fjölmörgum námskeiðum fyrir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn, hann hefur viðtæka reynslu bæði sem slökkviliðsmaður og sem stjórnandi í atvinnuliði.

**HÖRÐUR
SIGURÐSSON**

INGA SIGRÚN ATLADÓTTIR RÁÐIN SKÓLASTJÓRI STÓRUTJARNASKÓLA

Inga Sigrún Atladóttir hefur verið ráðin til starfa sem skólastjóri Stórutjarnaskóla frá og með 1. ágúst 2026. Inga Sigrún er grunnskólakennari frá Kennaraháskóla Íslands, með embættispróf í guðfræði frá Háskóla Íslands og M.Ed.-gráðu í stjórnun menntastofnana frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Auk þess er hún með diplóma í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands.

Inga Sigrún hefur viðtæka reynslu af skólastarfi og starfaði meðal annars sem deildarstjóri við Stóru-Vogaskóla 2003 – 2011 og skólastjóri Valsársskóla/Álfaborgar árin 2013 –2020. Hún hefur jafnframt starfað sem framkvæmdastjóri Ungmennafélagsins Þróttar og hefur á síðustu árum sinnt fræðslu- og framkvæmdastjórastöðu hjá Leiðtogasamfélaginu ehf.

Við bjóðum Ingu Sigrúnu velkomna til starfa og óskum henni velfarnaðar í starfi skólastjóra við Stórutjarnaskóla.

**INGA SIGRÚN
ATLADÓTTIR**

KVEÐJUKAFFI FYRIR GÍSLA EFTIR FARSÆL STÖRF FYRIR SVEITARFÉLAGIÐ



GÍSLI SIGURÐSSON

Gísli Sigurðsson lét nýverið af störfum sem skrifstofustjóri sveitarfélagsins, eftir 25 ár, en þó að það sé ekki að sjá, þá er Gísli kominn á aldur.

Fyrsti vinnudagur Gísla hjá Skútustaðahreppi var 1. júní 2001 þar sem hann var til 2016. Þá flutti hann sig til Þingeyjarsveitar hinnar fyrri, og hefur svo starfað hjá sameinuðu sveitarfélagi Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps frá 2022.

Haldið var kaffisamsæti í Þingey í byrjun apríl, þar sem starfsfólk kvaddi Gísla eftir góða samfylgd og samstarf. Það verður mikill missir af honum, ekki bara í starfi heldur líka félagslega, en Gísli er húmoristi og hefur einstaklega gaman af því að halda fólki á tánum með góðlátlegu gríni og umræðum um pólitík.

Við þökkum Gísla innilega fyrir góð störf og samveru, og óskum honum gleði og gæfu áfram veginn.



Gísli fékk köku sem var honum að skapi, en hann hefur verið duglegur að spjalla við samstarfsfólk um pólitík í gegnum tíðina og sýnt einstaka þolinmæði þegar kemur að því. Hann var mjög ánægður með kökuna, og hér sést hann skjalfesta hana samviskusamlega í símann sinn.

LEIKSKÓLINN BARNABORG LEITAR AÐ LEIKSKÓLAKENNARA/STARFSMANNI



Leikskólinn Barnaborg í Aðaldal leitar að áhugasömum kennara eða leiðbeinanda í framtíðarstarf. Leikskólinn er hluti af Þingeyjarskóla, samreknnum grunn- og leikskóla í Þingeyjarsveit.

- Um er að ræða 80-100% starf
- Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
- Aðstoð veitt við að finna húsnæði í nágrenni skólans.
- Fáist ekki starfsmaður með leyfisbréf til kennslu verða aðrar umsóknir skoðaðar.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara þ.m.t. að taka þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfi.
- Virk þátttaka í skólaþróunarstarfi, skráningu á námi barnanna og reglulegum teymis- og starfsmannafundum.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Leyfisbréf til kennslu (leyfisbréf fylgi umsókn) eða menntun sem nýtist í starfi.
- Áhugi á að vinna með börnum og þróa öflugt leikskólastarf.
- Góð íslenskukunnátta til að geta átt í hnökralausum samskiptum við börnin og stutt við málþroska þeirra.
- Reynsla af starfi í leikskóla æskileg.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að vinna í teymi.
- Sveigjanleiki, jákvæðni og áreiðanleiki.
- Hreint sakavottorð (fylgi umsókn).

UMSÓKNIR OG FYRIRSPURNIR UM STARFIÐ:

Nanna Marteinsdóttir, skólastjóri:
nanna@thingeyjarskoli.is - 464-3590 / 898-0790

STARFSHLUTFALL
80-100 %

FRESTUR:
15. MAÍ 2026

ÓSKUM EFTIR TÍMABUNDINNI AFLEYSINGU HÚSVARÐAR Í YÐÖLUM OG ÞINGEYJARSKÓLA Í JÚLÍ 2026



Þingeyjarsveit óskar eftir verktaka til afleysinga við húsvörslu í Ydölum og Þingeyjarskóla í júlí.

HELSTU VERKEFNI

- Ábyrgð á daglegri umsjón með húsnæðinu og búnaði þess ásamt eftirliti
- Minni viðhaldsverkefni og smáviðgerðir ásamt umhirðu lóðar
- Móttaka leigutaka vegna viðburða og upplýsingagjöf til þeirra varðandi umgengni, frágang og aðrar kröfur skv. leigusamningi.
- Þrif eftir fundi og aðra viðburði
- Önnur tilfallandi störf

HÆFNISKRÖFUR

- Góð þjónustulund og samskiptahæfni
- Frumkvæði og skipuleg vinnubrögð
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af umsjón fasteigna er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí nk.

Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá.

Umsóknum skal skilað á netfangið umsoknir@thingeyjarsveit.is.

Þingeyjarsveit áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

FYRIRSPURNIR UM STARFIÐ:

Margrét Hólm Valsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

margret.holm@thingeyjarsveit.is - 512-1800


TILKYNNING

ATH!
**NÝR OPNUNARTÍMI SKRIFSTOFU
ÞINGEYJARSVEITAR:**

MÁN - FIM
9 - 12:00 & 12:30 - 15:00

FÖS
9 - 12:00

Félagsstarf 60 ára og eldri í Þingeyjarsveit



Opin hús eru á þriðjudögum til skiptis í Stórutjarnaskóla og Þingeyjarskóla

5. maí - Þingeyjarskóli

12. maí - Stórutjarnaskóli

Hádegismatur kl. 12:45 í Stórutjarnaskóla (464 3222)

kl. 13:00 í Þingeyjarskóla (464 3583)

Peir sem ætla að fá hádegismat þurfa að panta fyrir hádegi á mánudeginum fyrir samverustund.

Hádegismatur kostar 875 kr. á mann

og verður innheimtur með kröfu í banka á 2-3 mánaða fresti.

Boccia hefst kl. 12:00 í Stórutjarnaskóla þegar samvera er þar.

Minum á facebook síðu okkar sem heitir „**Félagsstarf 60+ í Þingeyjarsveit**”

en þar setjum við inn ýmsar upplýsingar.

Bestu kveðjur,

Hanna Magga (863 3381)

Svana (898 0463)

Mývatnssveit

Samvera alla miðvikudaga
á Hlíðavegi 6 í Reykjahlíð
frá 13:30 - 16:30



Leikfimi eldri borgara í
íþróttamiðstöðni í
Reykjahlíð er á mánudögum
og miðvikudögum
kl. 12:30 - 13:30



Korttaflan



Ætlar þú að halda viðburð í Þingeyjarsveit í næsta mánuði?
Hafðu samband á rakel.hinriksdottir@thingeyjarsveit.is



ÞORGEIRSKIRKJA
LAUGARDAG 9. MAÍ
16:00

EDELSTEIN I VÖGLER
KLASSÍSK KRUFNING

SKOÐA
VIÐBURÐ

ÞÁ GÆTI
HANN BIRST
Á KORK-
TÖFLUNNI



ATH!
NÝR OPNUNARTÍMI
Í SUNDLAUGINNI Á LAUGUM
MÁN - FIM ... opnað kl. 15:00
FÖS opnað kl. 13:00



MÝVATNS
MARAFON

29. - 30. MAÍ 2026

Fylgdu
Þingeyjarsveit
á Facebook:





FUNDADAGATAL ÞINGEYJARSVEITAR

MAÍ

- 5. Ípróttta- og tómstundanefnd
- 6. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd
- 7. Umhverfisnefnd
- 13. Sveitarstjórn
- 20. Skipulagsnefnd
- 21. Fræðslu- og velferðarnefnd
- 28. Sveitarstjórn

Smelltu [HÉR](#) til að lesa síðustu fundargerðir.

Allar fundargerðir nefnda má finna á thingeyjarsveit.is

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðamaður: Dagný Þeirsdóttir-hlaupastelpan@is.is - s: 8953386

Við minnum á að Hlaupastelpan birtist rafrænt á heimasíðu Þingeyjarsveitar og kemur að jafnaði út vikulega.

Eftirtaldir starfsmenn verða með viðveru í Mývatnssveit sem hér segir í maí:

Gerður Sigtryggisdóttir Sveitarstjóri

hefur viðveru samkvæmt samkomulagi í apríl.

Rögnvaldur Harðarson byggingarfulltrúi

Hægt er að óska eftir viðtalstíma í Gíg.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir skipulagsfulltrúi

Hægt er að óska eftir viðtalstíma í Gíg.

Hjördís Albertsdóttir, sviðstjóri fjölskyldusviðs

hefur viðveru á föstudögum í maí í Gíg.

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir samkomulagi. Beiðnir um viðtalstíma sendist á netfangið: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is eða í síma 512 1800



Skráðu þig á póstlista sveitarfélagsins [HÉR](#) og fáðu allar fréttir sendar beint til þín!



FYLGDU
ÞINGEYJARSVEIT Á
INSTAGRAM OG
FACEBOOK



Fréttabréf Þingeyjarsveitar 3. árg. 3. tbl.

Ritstj. og ábyrgðamaður: Gerður Sigtryggisdóttir sveitarstjóri

Umsjón: Mývatnssstofa - Rákel Hinriksdóttir

Þingey, Þingeyjarsveit

Sími: 512 1800

Netfang: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is